



Alþingi, nefndasvið
Velferðarnefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjanesbær, 14. mars 2023
Mál nr. 2023020682

Efni: Tillaga til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf, 25. mál

Lýðheilsuráð Reykjanesbæjar fagnar tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf. Mat lýðheilsuráðsins er að þetta sé mikilvægt skref í þeirri vegferð sem samfélagið á fyrir höndum á næstu áratugum. Það hefur sýnt sig síðustu áratugi að lífslíkur fólks hafa aukist og samhliða því hafa langvinnir sjúkdómar einnig aukist.

Með því að hafa lýðheilsumat til hliðsjónar við setningu laga í sínum víðasta skilningi er auðveldara að koma í veg fyrir þessa þróun.

Lýðheilsumál eru mikilvæg og tillagan á þátt í því að gera þau sýnileg í íslensku samfélagi.

Reykjanesbær hefur unnið markvisst að því síðustu ár að efla lýðheilsu í bæjarfélaginu með því að efla og viðhalda heilsu og vellíðan íbúa á öllum aldurskeiðum.

Virðingarfyllt,

F.h. Lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir
skjalavörður